



# Rekstrarstöðvunartrygging fyrir kúabú

## Hópvátrygging fyrir mjólkurframleiðendur innan KS

### Vátryggingarskilmálar nr. ER25

#### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ER25.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Yfirlit yfir útreikning vátryggingarfjárhæðar.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

#### Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Bótasvið
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Áhættubreyting
6. Samsömun
7. Greiðsla iðgjalds
8. Endurgreiðsla iðgjalds
9. Vátryggingarfjárhæð
10. Eigin áhætta
11. Ákvörðun bóta
12. Tvítrygging
13. Fyrning

#### 1. Vátryggður

- 1.1 Allir mjólkurframleiðendur á lögbýlum sem leggja inn mjólk hjá Kaupfélagi Skagfirðinga (KS).
- 1.2 Vátryggður getur ekki gert fyrirvara um þátttöku í vátryggingu þessari.

#### 2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á þeim stað þar sem mjólkurframleiðsla vátryggðs fer fram.

#### 3. Bótasvið

- 3.1 Vátryggingin bætir framlegðartap sem vátryggður verður fyrir við stöðvun rekstrar á vátryggingartímabilinu og leiðir til samdráttar á mjólkurframleiðslu af völdum:
  - 3.1.1 Bruna.
  - 3.1.2 Óveðurs.
- 3.2 Vátryggingin tekur einnig til óhjákvæmilegs aukakostnaðar sem vátryggður verður fyrir á

bótatímanum og beinlínis verður rakinn til þess að fjós vátryggðs verður ekki notað sökum bótaskylds atburðar sem vátrygging þessi tekur til.

- 3.3 Það er skilyrði bótaskyldu samkvæmt gr. 3.1 og 3.2 að fyrir hendi sé vátrygging á lausafé eða húseign sem bætir það tjón sem olli rekstrarstöðvuninni.

Vátryggingin bætir ekki:

- 3.4 Aukið framlegðartap sem hlýst af rekstrartöfum vegna endurbóta, stækkunar, fjármagnsskorts, fyrirmæla hins opinbera eða sambærilegra atvika.
- 3.5 Aukið rekstrartap sem hlýst af verkbanni og/eða verkfalli,

#### 4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 4.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 4.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppbots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 4.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

#### 5. Áhættubreyting

Vátryggður skal tilkynna félaginu ef breytingar verða gerðar á húseign þeirri sem mjólkurframleiðslan fer fram í eða breyting verði á starfsemi sem fram fer í sama húsnæði og mjólkurframleiðsla og eykur hættu á tjóni. Vanræksla á þessu getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta, sbr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

#### 6. Samsömun

Félagið getur borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og umsjónarmanna einstakra muna, tækja og fasteigna.



## 7. Skyldur vátryggingartaka

- 7.1 Vátryggingartaki skal halda skrá yfir mjólkurframleiðendur sem falla undir vátrygginguna.
- 7.2 Vátryggingartaki skal sjá til þess að vátryggðir mjólkurframleiðendur fái afrit af vátryggingarskírteini, skilmálum þessum og sameiginlegum skilmálum félagsins.

## 8. Greiðsla iðgjalds

- 8.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist. Iðgjaldið skal greitt af vátryggingartaka.
- 8.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 9. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.

## 10. Vátryggingarfjárhæð

- 10.1 Vátryggingarfjárhæð skal nema áætlaðri brúttóveltú vátryggðs vegna mjólkurframleiðslu fyrstu 24 mánuðina eftir upphaf bótatímans.
- 10.2 Með brúttóveltú er átt við bókfærða sölu vegna mjólkurframleiðslu auk opinberra beingreiðslna sé um þær að ræða að frádregnum virðisaukaskatti.

## 11. Eigin áhætta

Framlegðartap sem að öllu leyti eða hluta verður á fyrstu 24 klukkustundunum frá því að rekstrarstöðvunin varð bætist því aðeins að áhrif rekstrarstöðvunarinnar varir lengur en í 30 sólarhringa frá því vátryggingaratburðurinn varð.

## 12. Ákvörðun bóta

- 12.1 Félagið greiðir bætur að hámarki í 24 mánuði en þó aldrei fyrir lengra tímabil en að mjólkurframleiðsla vátryggðs hafi náð framlegð eins og hún var á tjónsdegi.
- 12.2 Vátryggður á aldrei rétt á hærri bótum en með þarf til að bæta tjón það sem hann hefur orðið fyrir og vátryggingin tekur til.
- 12.3 Bætur miðast við sama hlutfall af bótagrundvellingum og samdráttur í

mjólkurframleiðslu vátryggðs varð vegna tjónsatburðarins.

- 12.4 Ef útgjöld sparast á bótatímanum lækka bætur að sama skapi. Opinberir styrkir sem vátryggður kann að eiga rétt á koma einnig til lækkunar bóta.
- 12.5 Sé ekki fyrirhugað að hefja mjólkurframleiðslu vátryggðs að nýju miðast bótafjárhæð við þann tíma sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju, þó aldrei lengur en 24 mánuði. Bætur á þessu tímabili miðast við óhjákvæmilegan, sannanlegan kostnað vátryggðs.
- 12.6 Hafi mjólkurframleiðslan stöðvast varanlega af orsökum sem vátryggður ræður ekki við greiðast bætur samkvæmt gr. 12.3, þó aldrei í lengri tíma en eðlilegt hefði mátt telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju og aldrei lengur en 24 mánuði.
- 12.7 Greiðsla aukakostnaðar er háð samþykki félagsins hverju sinni bæði hvað varðar fjárhæð og eðli útgjalda.

## 13. Breyting á skilmálum á vátryggingartímabili

Félaginu er heimilt að breyta skilmálum þessum á vátryggingartímabili, sbr. 59. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 14. Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs

- 14.1 Ábyrgð félagsins gagnvart vátryggðum hefst þegar hann hefur lagt inn mjólk hjá KS í fyrsta sinn eftir að vátryggingin tók gildi.
- 14.2 Ef vátryggingunni er sagt upp, hún ekki endurnýjuð eða fellur úr gildi vegna vanskila vátryggingartaka, fellur hún úr gildi gagnvart vátryggðum einum mánuði eftir að félagið sendi tilkynningu til vátryggðs um brottfall hennar.

## 15. Tvítrygging

- 15.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 15.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 15.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 16. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik



sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. mars 2008.